

Ísafirði 14.janúar 2021

Góðan daginn kæru skógarbændur!  
Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir liðið.

Við í skógarþjónustunni höfum haft í ýmsu að snúast síðustu vikur og ber þá hæst vinnu við að endurskoða og skipuleggja vinnulag og verkferla. Þetta er liður í umbótastarfi sem farið var í í tengslum við styttingu vinnuvikunnar. En frá og með 1.des 2020 hefur stytting vinnuvikunnar verið raungerð hjá Skógræktinni og miðast við að vinnuvikan klárast á hádegi á föstudögum (miðað við 100% starf). Þannig að opinber opnunartími Skógræktarinnar er kl 8-16 á mánudögum til fimmtudaga og 8-12 á föstudögum. Til að laga okkar störf og þjónustu að breyttum vinnutíma nutum við leiðsagnar Signýjar Hreinsdóttur sem er sérfræðingur í straumlínustjórnun (Lean thinking). Haldnir voru vinnufundir á Teams, skógræktarráðgjafar unnu verkefni og út frá því voru vinnuferlar straumlínulagaðir. Markmiðið var að einfalda og skýra hlutina betur með það í huga að skerða ekki þjónustuna. Einum verkferli var breytt verulega og annar sem verður áfram í vinnslu næsta ár í tengslum við innleiðingu á Stafrænu Íslandi. Stafrænt Ísland og stytting vinnuvikunnar voru einmitt hvatinn að því að við fórum í þessa endurskoðun. En á þessu ári verðum við í vinnu með sérfræðingum hjá Stafrænu Íslandi til að undirbúa innleiðingu í upphafi árs 2022. Hvað þýðir þetta myndi einhver spyrja. Það sem við erum að sækjast eftir er að öll tölvusamskipti við bændur varðandi umsóknir um þátttöku í verkefnum, framkvæmdaáætlanir, úthlutanir og uppgjör fara í gegnum Ísland.is þannig að bændur geta nálgast öll sín gögn á einum stað.

Vegna þessarar vinnu þá mun tilhögun úthlutana verða með öðrum hætti nú í ár en áður hefur verið, eitt lítið skref að því sem koma skal, áður en innleiðing á Stafrænu Íslandi verður raungerð.

Því óskum við eftir að skógarbændur skoði sínar áætlanir og skili inn áætlun um gróðursetningu og aðrar framkvæmdir (jarðvinnsla, slóðagerð, girðingar, snemmgrísjun) í byrjun febrúar. Vinsamlegast hafið samband við ykkar skógræktarráðgjafa og komið áætlum ykkar á framfæri við hann. [Skil á gögnum þurfa að hafa borist skógræktarráðgjöfum í síðasta lagi 7.febrúar.](#) Ef allt gengur eftir þá munu bændur fá staðfesta úthlutun og framkvæmdaloforð ársins 2021 á tímabilinu 10.-20.mars.

Lykildagsetningar ársins.

- **Skógarbændur skili áætlun/óskumársins í síðasta lagi 7.febrúar.**
- Skógræktarráðgjafar senda út staðfestar plöntuúthlutanir og framkvæmdaloforð 10.-20.mars.
- Plöntudreifing hefst í apríl og stendur fram í júníbyrjun.
- Dreifingarstöðvum lokað og þær tæmdar vegna vorgróðursetninga 25.júní
- **Skil á framkvæmdaskýrslum (Avenzaskráningum vegna vorgróðursetninga) 1.ágúst**
- Plöntudreifing vegna haustgróðursetninga ágústbyrjun fram í september.
- Dreifingarstöðvum lokað og þær tæmdar vegna haustgróðursetninga 24.september.
- **Skil á framkvæmdaskýrslum (Avenzaskráningum vegna haustgróðursetninga) 15.október**

Skógræktarráðgjafar eru tengiliðir bænda og skipta með sér svæðum eins og verið hefur um mest allt land en núna frá áramótum breytist það á Austurlandi til samræmis við aðra landshluta.

Eftirtaldar trjátegundir eru í boði til gróðursetninga í skógrækt á lögbýlum 2021. Í vor verður hluti stafafuru, sitkagrenis, birkis og aspar í boði í frystum einingum, ræðið það við ykkar skógæktarráðgjafa ef áhugi er á slíku en búast má við að í framtíðinni muni vetrargeymsla skógarplanta í frysti aukast til muna. Frystar plöntur eru gróðursettar snemma að vori og gróðursetning á þeim þarf að vera lokið í lok maí. Þá er rétt að taka fram að rússalerki, hrymur og skjólbeltategundirnar eru til í mjög litlu magni.

#### Tegundir í boði til vorgróðursetninga 2021

Tegund	kvæmi/klónn	Bakkastærð
Alaskaösp	Blandað	FP24/35
Birki	Embla	FP40
Evrópu/Rússalerki	Hrymur	fp67
Hvítgreni		FP40
Reyniviður	Úrval	FP24/35
Rússalerki	Raivola	Fp67
Sitkabastarður	Seward	FP40
Sitkagreni	Cordova	FP40
Stafafura	Innlandskvæmi	FP67
Stafafura	Strandkvæmi	FP67
Stafafura	Strandkvæmi	FP40

#### Tegundir í boði til haustgróðursetninga 2021

Tegund	kvæmi/klónn	Bakkastærð
Alaskaösp	Blandað	FP24/35
Birki	Embla	FP67
Sitkagreni	Cordova	FP40
Sitkabastarður	Seward	FP40
Stafafura	Innlandskvæmi	FP40
Stafafura	Strandkvæmi	FP40

#### Tegundir í boði í skjólbelti vorið 2021

Tegund	klónn	Bakkastærð
Porláksvíðir		FP24/35
Sólber/Rifs		FP35
Jörvavíðir	Katla/Kólga	FP24/35
Gulvíðir		FP35
Hreggstaðavíðir		FP35

Með bestu kveðjum og ósk um gott skógræktarár!

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir  
sviðsstjóri skógarþjónustu Skógræktarinnar